

Nd.

195. Frumvarp til laga

[157. mál]

um afnám laga nr. 117 30. desember 1978 um nýbyggingargjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

Lög nr. 117 30. desember 1978 um nýbyggingargjald falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 117 30. desember 1978, er öðluðust gildi 15. janúar 1979, var lagt sérstakt nýbyggingargjald á flest mannvirki önnur en íbúðarhúsnæði. Var tilgangur gjaldtökunnar tvíþættur, annars vegar að afla ríkissjóði tekna, en hins vegar að takmarka fjárfestingar í nýbyggingum og draga þannig úr verðpensluáhrifum sem óheft fjárfesting á þessum vettvangi leiddi til. Nýbyggingargjaldið mun væntanlega skila ríkissjóði um 220 milljónum króna á þessu ári. Hér er því um tiltölulega mjög lítinn tekjustofn að ræða sem varla réttlætir þann kostnað og fyrirhöfn er af álagningu og innheimtu gjaldsins leiðir. Af þessum ástæðum svo og þeim að aðrar leiðir en gjaldtaka af þessu tagi sýnast eðlilegri og vænlegri til árangurs til að stýra fjárfestingum er lagt til að gjaldið verði fellt niður frá áramótum. Verður gjaldið samkvæmt því ekki innheimt af byggingum sem byggingarleyfi er gefið út fyrir frá og með 1. janúar 1981. Hins vegar er frumvarpi þessu ekki ætlað að hafa nein áhrif á gjaldskyldu vegna bygginga sem leyfi hefur verið gefið út fyrir áður enda þótt byggingu þeirra kunni að vera ólokið við gildistöku laganna. Áætlað er að tekjumissir ríkissjóðs af niðurfellingu gjaldsins verði um 300 milljónir króna á árinu 1981. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1981 er gert ráð fyrir niðurfellingu gjaldsins.